

Skólaráð Heiðarskóla

Fundargerð 14. október 2020

Mættir: Kolbrún Saga Þórmundsdóttir, Rakel Rán Unnarsdóttir, Ingunn Rós Valdimarsdóttir, Bryndís Jóna Magnúsdóttir, Margrét Eðvaldsdóttir, Íris Ástþórsdóttir, Inga Brynja Magnúsdóttir

Forföll: Arnar Stefánsson, Klemenz Sæmundsson

Fundarritari: Lóa Björg Gestsdóttir

Dagskrá fundarins

- *Starfsáætlun 2020-2021*
- *Nokkur orð um fjárhagsáætlun 2021*
- *Upphaf skólaársins*
- *Önnur mál*

Skólastjóri byrjaði á að upplýsa fundarmenn um að þetta sé fyrsti fundur sem skólaráð hefur fundað á TEAMS, segja má því að þetta sé sögulegur fundur hjá skólaráði Heiðarskóla. Skólastjóri fór einnig yfir hverjir væru í skólaráði þetta árið og bauð þá sem nýir eru velkomna. Í skólaráði eru eru;

Bryndís Jóna Magnúsdóttir, skólastjóri

Arnar Stefánsson fulltrúi foreldra (kemur nýr inn)

Inga Brynja Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra (kemur ný inn)

Margrét Eðvaldsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna

Ingunn Rós Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara

Íris Ástþórsdóttir, fulltrúi kennara (kemur ný inn)

Klemenz Sæmundsson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu

Kolbrún Saga Þórmundsdóttir, fulltrúi nemenda og formaður nemendafélagsins

Rakel Rán Unnarsdóttir, fulltrúi nemenda (kemur ný inn)

Fundarritari er Lóa Björg Gestsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Fulltrúar nemenda í skólaráði munu punkta hjá sér sínar hugleiðingar eftir fundinn og þær upplýsingar sem þær vilja koma til nemenda. Þeirra fundargerð/hugleiðingar verða svo birtar á heimasíðu skólans undir nemendamál.

1. Starfsáætlun 2020 – 2021

Starfsáætlun kom til fundarmanna í tölvupósti rúmri viku fyrir fundinn. Aðeins hafði borist athugasemdir frá einum fundarmanni

- i. Kafli um nemendur sem þurfa meiri áskorun í námi. Þar stendur að viðmið sé B+ eða A um hvort þau fari í „áfram nám“. Þetta þyrfti að uppfæra á þá leið að nemendur þurfa að hafa vitnisburð um

framúrskarandi hæfni í hæfnikorti tiltekinnar námsgreinar á vori. Þetta var samþykkt og lagfært.

- ii. Tímasetning fyriragnar Talnalykils var ekki rétt vegna nýlegrar frestunar. Þetta hefur verið lagað í starfsáætluninni.

Ekki voru fleiri athugasemdir og starfsáætlun því samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun 2021

Skólastjóri er búinn að skila inn fyrstu drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Ráðið var upplýst um helstu áherslur í áætluninni hækkunin frá nógildandi fjáraætlun eru tæp 5,7%. Þar veða launahækkunar þvingst.

3. Upphaf skólaársins

- Skólaárið fór vel af stað. Bæði starfsmenn og nemendur komu glaðir inn úr sumarfríi.
- Helsta nýjung skólaársins er samstarf kennara á miðstigi í samfélagsfræði. Þar er unnið í teymishópum að ýmsum verkefnum. Í fyrstu lotu er verið að vinna að verkefnum tengd barnasáttmálanum.
- Þrjú nýir starfsmenn hófu störf í Heiðarskóla í haust, einn kennari, einn starfsmaður skóla og aðstoðarskólastjóri.
- Covid hefur sett sitt mark á skólalíf. Í s.l. viku fóru nemendur í 1. og 2. bekk í sóttkví ásamt 6 starfsmönnum. Enginn af þeim reyndist smitaður eftir skimun. Nú eru 22 nemendur í 8. – 10. bekk í sóttkví vegna smits í Fjörheimum. Skimun hefur ekki farið fram. Í matsal hefur verið brugðið á það ráð í hádegi að skammta nemendum matinn. Skólastjórnendur hafa tekið þátt í að skammta og aðstoða í matsal.
Einnig er búið er að setja upp staðsetningarskipulag fyrir starfsmenn í skólanum. Markmiðið er að reyna að takmarka blöndun á vinnustaðnum eins og hægt er.
- Framundan eru uppbyggingastefnudagurinn, bleiki dagurinn og vetrarfrí.

4. Önnur mál

- Fulltrúi nemenda spurði hvers vegna skólanum væri ekki lokað vegna útbreiðslu farsóttar. Skólastjóri upplýsti um að það væri ekki ákvörðun hvers skóla fyrir sig heldur væri skólastjórar í Reykjanesbæ, grunnskólafulltrúi og fræðslustjóri í mjög reglulegu samtali um stöðu mála auk þess sem farið er eftir leiðbeiningum og tilmælum almannavarna. Eins og staðan er nú er ekki mælt til þess að takmarka skólalíf.
- Fulltrúi starfsmanna spurði hvort starfsmenn sem færu í gæslu á milli svæða ættu að breyta skipulagi vegna farsóttar. Svar skólastjóra var á þá leið að starfsmenn í gæslu starfa ekki í mikilli nánd við aðra fullorðna og því ekki ástæða til að fara út í breytingar á því skipulagi að svo stöddu.